



Framtíðarsýn LABAK

Svona viljum við að staðan verði eftir fimm ár, árið 2021

- Öll bakarí landsins starfa saman undir merkjum LABAK. Ímyndin er jákvæð og byggir á hugmyndinni um íslenska bakaríð; íslenskt handverk, íslenskt hráefni, íslenska framleiðslu og gæði almennt. LABAK nýtur virðingar og trausts og fjölbreytt flóra bakarí tilheyrir félaginu. Það er gæðamerki fyrir bakarí að tilheyra LABAK sem er þekkt fyrir að stunda markvissa nýsköpun.
- Samkennd ríkir milli félagsmanna, bakarí miðla fagþekkingu sín á milli og vinna saman að árangursríkum markaðsverkefnum. Augljós ávinningur er fyrir bakarí að vera aðili að LABAK vegna samlegðaráhrifa við hagsmunagæslu, og samstarf á sviði gæðamála, fræðslumála, hollustuhátta o.fl.
- Bakarí innan LABAK hafa náð góðum árangri í að bæta yngri kynslóðum í hóp viðskiptavina með því að vera sýnileg rafrænt, t.d. á samfélagsmiðlum, og tileinka sér samfélagsábyrgð. Einnig er samstarf við fjölmiðla afar gott, upplýsingum er markvisst miðlað til fjölmiðla og LABAK er virkur málsvari þegar bregðast þarf við.
- Mikil fjölgun hefur verið í bakaraiðn á síðustu árum vegna markvissrar fræðslu LABAK sem vakið hefur áhuga á greininni, jafnað kynjahlutfall og breytt ásýnd greinarinnar.
- Öflugt samstarf er við stjórnvöld um málefni er varða hagsmuni félagsmanna, t.d. laga- og regluhverfi, eftirlit, nám ofl. Tölfræði um greinina er safnað og miðlað markvisst.